

Fundargerð 14. fundar ferðamálaráðs - föstudagur 17. ágúst 2012

Fundurinn var haldinn í iðnaðarráðuneytinu kl. 10:30-11:15.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Anna G. Sverrisdóttir, Dofri Hermannsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Unnur Halldórsdóttir auk Helgu Haraldsdóttur, áheyrnarfulltrúa.

Eitt mál var á dagskrá: Áform í drögum að fjárlagafrumvarpi 2013 um hækjun virðisaukaskatts á gistingu.

Formaður fór yfir hlutverk ferðamálaráðs en það er lögum samkvæmd ráðgefandi gagnvart ráðherra ferðamála um málflokkinn og er ætlað að veita umsagnir um breytingar á lögum og reglum er varða ferðamál og annað er ráðherra felur ráðinu eða ráðið sér ástæðu til að taka upp í þágu ferðapjónustunnar. Ferðamálaráð vonast til að ráðgjöf þess varðandi þá umdeildu hugmynd að hækka virðisaukaskatt á gistingu á næsta ári, verði ráðherra til gagns og styðji farsæla ákvörðun í málinu.

Samþykkt var að senda iðnaðarráðherra þegar í stað eftirfarandi ályktun:

Ferðamálaráð telur að harkalega sé veist að framtíð fyrirtækja og starfa í ferðapjónustu og tengdum greinum með fyrirhugaðri hækjun á virðisaukaskatti á gistingu. Hækki gisting um 17,5% mun samkeppnishæfni ferðapjónustunnar skerðast verulega enda um að ræða útflutningsgrein í harðri samkeppni við aðra áfangastaði ferðamanna. Einnig skal bent á að flest Evrópulönd hafa gistingu í lægra þepri virðisaukaskatts og hefur Þýskaland t.d. nýlega lækkað virðisaukaskatt á gistingu til að auka umsvif og samkeppnishæfni landsins á þessu sviði.

Erfitt er að sjá annað en að afleiðingar hækkunarinnar verði fækjun ferðamanna og minnkandi tekjur fyrirtækja. Fylgifiskur slíkrar þróunar yrði fækjun starfa, sem myndi ekki síst bitna á fyrirtækjum og fólki utan höfuðborgarsvæðisins þar sem nýting gistiýmis er enn lakari á ársgrundvelli.

Stöðugt rekstrarumhverfi er ferðapjónustu lífsnauðsynlegt. Ferðapjónustan vinnur langt fram í tímann og margir helstu gististaðir og ferðaskipuleggjendur hafa þegar birt verð og fest stóra samninga út árið 2013 og jafnvel lengra fram í tímann. Verði tillaga um hækjun á virðisaukaskatti sett fram í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2013 skapast mikil óvissa og hætta á að verðmæt viðskipti tapist. Það á

sérstaklega við um ráðstefnu- og hvataferðageirann, sem svo mikilvægt er að byggja upp hér á landi til að auka arðsemi og nýta fjárfestingar, ekki síst utan háannatímans.

Svört atvinnustarfsemi tengd ferðapjónustu er vaxandi vandamál á Íslandi og forgangsverkefni að leita allra leiða til að uppræta hana. Ferðamálaráð telur ástæðu til að óttast að boðuð hækken muni verða til þess að draga úr árangri slíkra aðgerða og auka heldur en hitt á vandann í þessu efni.

Markaðsverkefnið Ísland allt árið hefur farið afar vel af stað í góðri samvinnu ríkisins, breiðfylkingar fyrirtækja í ferðapjónustu, Reykjavíkurborgar og fjölmargra annarra aðila í ferðapjónustutengdri starfsemi. Lykillinn að farsæld samstarfsins hefur m.a. verið hversu samstíga allir hafa verið fram til þessa. Árangur þess er þegar sýnilegur í umtalsverðri fjölgun erlendra ferðamanna utan háannar það sem af er árinu, en rannsóknir sýna að þeir eyddu 23% meiri fjármunum í landinu fyrstu þrjá mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Kostnaður við gistingu vegur þyngst í pyngju ferðamannsins á áfangastaðnum og því er fyrirsjánlegt að með aukinni skattlagningu muni eftirspurn minnka tilfinnanlega. Slík aðgerð er skaðleg öllum sem hagsmuni hafa af ferðapjónustu og gengur einnig í þveröfuga átt við markmið og tilgang Íslands allt árið.

Fáar atvinnugreinar skila jafn háu vinnsluvirði til þjóðarbúsins og ferðapjónustan. Eitt af því sem einkennir ferðapjónustuna sem atvinnugrein er að hagnaður hennar fer að mestu í að auka þjónustu, ráða fleira fólk til vinnu og fjárfesta í innviðum sem skilar þjóðarbúinu auknum tekjum. Nýleg styrking krónunnar vegna vaxtar í ferðapjónustu er svo skýrt dæmi um mikilvægi hennar sem útflutningsatvinnuvegar. Ferðamálaráð bendir því á hættuna á því að boðuð aðgerð muni ekki aðeins valda fyrirtækjum í ferðapjónustu skaða, heldur séu langtímahagsmunir ríkissjóðs m.t.t. vaxandi útflutningstekna, fyrir borð bornir með minnkandi eftirspurn og þar með umsvifum greinarinnar.

Ferðamálaráð beinir því mjög eindregið til iðnaðarráðherra að hann beiti sér gegn umræddum áformum um hækken virðisaukaskatts á gistingu og stuðli þannig áfram að vexti atvinnugreinarnar, sem er bjartasta vonin í íslensku atvinnulífi.